

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 131/1424
komudagur 20.4.2005

Reykjavík 19. apríl 2005.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um uppboðsmarkaði sjávaraflla, 677. mál.

Sjómannasamband Íslands telur jákvætt að lögin um uppboðsmarkaði séu endurskoðuð og tekur undir flest það sem í frumvarpinu kemur fram.


Sjómannasambandið bendir þó á að í 2. tölulið 2. gr. frumvarpsins virðist eingöngu gert ráð fyrir að afli sé seldur á uppboðsstað. Hingað til hafa flskmarkaðirnir einnig boðið upp aflla beint úr veiðiskipi og leggur Sjómannasamband Íslands áhersu á að mörkuðunum verði áfram heimilt að bjóða upp aflla með þeim hætti.

Í 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að ráðherra setji í reglugerð frekari reglur um starfsemi uppboðsmarkaða. Sjómannasamband Íslands telur eðlilegra að allar reglur um starfsemi markaðanna komi fram í lögum sjálfum.

Að því gefnu að þær reglur sem ráðherra setur í reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða hindri ekki eðlileg viðskipti með fisk og komi ekki í veg fyrir uppboð á aflla sem ekki er kominn á uppboðsstað fellst Sjómannasamband Íslands á frumvarpið.

Sjómannasamband Íslands áskilur sér þó rétt til að taka afstöðu til málsins í heild sinni þegar þær reglur sem ráðherra hyggst setja í reglugerð liggja fyrir og mælist til þess að þær reglur liggi fyrir áður en frumvarpið verður að lögum þannig að hægt sé að koma athugasemdum á framfæri í tæka tíð.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson